

## G J A L D S K R Á

### fyrir Rafveitu Sauðárkróks.

#### I. RAFORKA

Rafveita Sauðárkróks selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

#### 1. Lýsing.

- 1.1. Um kwst.mæli á kr. 9.40 hverja kwst.
- 1.2. Um kwst.mæli á kr. 3.25 hverja kwst. auk fastagjalds af rúmi því, sem lýsa skal, er nemi kr. 50.00 á ári af hverjum fermetra gólfflatar í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 17.50 á ári af hverjum fermetra. Einnig greiðist grunnjald, kr. 900.00 á ári.

#### 2. Almenn heimilisnotkun.

- 2.1. Um kwst.mæli þannig reiknað:
  - a. Grunnjald ..... kr. 16.00 á mán.
  - b. Orkugjald af allri notkun ..... — 2.00 kwst.
  - c. Fastagjald af hverju herbergi ..... — 16.00 á mán.

Til herbergja í íbúð skal telja öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 ferm., skal telja hálf, en stærra en 25 ferm. sem tvö. Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 ferm., má miða við samanlagt flatarmál þeirra, þannig, að hverjir 10 ferm. jafngildi einu herbergi og 5 ferm. hálfu herbergi.

#### 3. Vélanotkun.

- 3.1. Um kwst.mæli á kr. 5.30 hverja kwst.  
Til matvælaíðnaðar, ef uppsett vélaafl fastra véla er yfir 20 kw. og notandi skuldbindur sig til að greiða sem svarar minnst 1000 kwst. ársnotkun á hvert kw. vélanna um kwst.mæli.
- 3.2. a. Á kr. 1.75 hverja kwst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 2 klst. á tímum mesta álags rafveitunnar.
- 3.3. b. Á kr. 2.65 hverja kwst. án skilyrðis um lokun fyrir straum.
- 3.4. Um afl og orkumæli þannig reiknað:
  - a. Aflgjald, af notuðu afli ..... kr. 2 870.00 á kw. á ári.
  - b. Orkugjald af allri notkun ..... — 0.65 á kwst.  
eða
  - a. Af ástimpluðu afli véla ..... — 2 400.00 á kw. á ári.
  - b. Orkugjald af allri notkun ..... — 0.65 á kwst.
 Grunnjald reiknast í báðum tilfellum kr. 2 870.00.

#### 4. Hitun.

- 4.1. Um kwst.mæli á 75 aura hverja kwst., enda sé minnsta notkun 6000 kwst. á ári. Sala á raforku eftir þessum gjaldskrárlíð er háð því skilyrði, að straumurinn sé rofinn í allt að 3 klst. á dag á mesta álagstíma um hádegi og síðdegis, en ekki lengur en 1½ klst. í senn. Rafveitustjóri ákveður lokunartíma hjá hverjum notanda.

*Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.*

- a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- b. Að klukkurofar séu fánlegir og notandi kosti tengingu þeirra og greiði leigu af þeim samkvæmt reglum, sem gilda um leigu mæla.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll teki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofa og hitastillir notaður.

**5. Önnur raforkunotkun.**

- 5.1. Raforku til suðu má selja til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 2.00 hverja kwst., enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðutækin fasttengd.
- 5.2. Til nota um vinnulagnir við byggingar meðan á byggingu stendur um kwst.-mæli á kr. 5.30 hverja kwst.
- 5.3. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kwst.mæli á 60 aura hverja kwst., enda sé straumurinn rofinn frá kl. 8.30 til 22.00.
- 5.4. Raforku til götu- og hafnarlýsingar á kr. 2.65 hverja kwst.
- 5.5. Raforku til ljósa í beituskúrum má selja án mælis á kr. 6900.00 árskw., enda sé spennan þá 32 volt og skriflegir samningar gerðir við neytendur um notkunina.  
Innifalið í verðinu er verðjöfnunargjald.

**II. MÆLALEIGA**

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er ákvörðun sú skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu sem hér segir:

1. Af einfasa mælum 30 amp. og minni ..... kr. 15.00 á mán.
2. Af þrifasa mælum 50 amp. og minni ..... — 25.00 á mán.
3. Af þrifasa mælum 50—100 amp. .... — 35.00 á mán.

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

**III. HEIMTAUGARGJÖLD**

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

Fari lengd jarðstrengs heimtaugar fram úr 15 m., skal greitt yfirlengdargjald eins og taflan sýnir.

Málstraumur stofnvara	Jarðstrengur	
	Lágmark kr.	Yfirlengd kr./m
60 A 1-fasa .....	6 000.00	475.00
60 A 3-fasa .....	9 100.00	500.00
100 A 3-fasa .....	14 000.00	580.00
125 A 3-fasa .....	17 200.00	670.00
200 A 3-fasa .....	27 200.00	870.00
350 A 3-fasa .....	47 700.00	1 150.00

Af loftlínuheimtaug reiknast gjald, sem er 20% lægra, en að framan greinir, fyrir heimtaug allt að 40 m. Það sem þar fer fram yfir, greiðist samkvæmt kostnaði.

Lengd jarðlínuheimtaugar 60—200 A reiknast frá stytztu greiðfæru leið að lóðarmörkum. Lengd stærri jarðlínuheimtauga reiknast frá varkassa að rofalínu-

dreifistöð. Yfirlengd reiknast ekki af vegalengd, sem er umfram 100 m frá varkassa.

Óski húseigandi eftir, að heimtaug verði breytt úr 1-fasa heimtaug, eða flutningsgeta jarðstrengsheimtaugar verði aukin, skal hann greiða fyrir breytinguna samkvæmt kostnaði, þó aldrei minna en mismun á heimtaugargjaldi samkvæmt gjaldskrá.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Sauðárkróksbæjar. Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina samkvæmt kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

#### IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 200.00.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur, fyrr en notandi hefur greitt kr. 200.00 kr. gjald á skrifstofu rafveitunnar.

#### V. ÝMIS ÁKVÆÐI

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í I. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytis, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Söluskattur er innifalinn í gjaldskrá þessari.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Sauðárkróks, nr. 55 10. febrúar 1969.

*Iðnaðarráðuneytið, 12. febrúar 1970.*

**Jóhann Hafstein.**

*Jóhannes Guðfinnsson.*

24. febrúar 1970.

Nr. 81.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð hjónanna Guðnýjar Björnsdóttur og Jónasar Jóhannessonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 24. febr. 1970.

Skipulagsskráin er þannig:

### SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð hjónanna Guðnýjar Björnsdóttur  
og Jónasar Jóhannessonar.

#### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður hjónanna Guðnýjar Björnsdóttur og Jónasar Jóhannessonar á Þverá í Reykjahverfi og er stofnaður til minningar um þau af nokkrum niðjum þeirra.